

Söfnuðurinn í „Clay Creek Village”

EFTIR

„MARK TAIN“

Það var hérna um sumarið— eg man ekki glögglega, hvað ártalið var, enda varðar það ekki svo miklu,— að fornkunningi minn, Mr. Peacock, sem bjó í þorpinu „Clay Creek“, bauð mér að dvelja hjá sér svo sem hálfis mánaðar eða þriggja vikna tíma. Eg var málafærslumaður, og um haustið áður höfðu verið almennar kosningar, og beið sá flokkur ósigur, sem fylgdi þeirri stefnu, er eg aðhyllist. Málsókn var hafin gegn nokkrum mönnum, sem kosningu hlutu, og þeir sakaðir um, að hafa náð kosningu fyrir mútugjafir, meinsæri og annað því um líkt. Eg var helzti maðurinn, sem sókti og varði fyrir hönd míns flokks, og gjörði eg það svo samviskusamlega, að eg tapaði öllum málunum. Út af þessu mátti heita, að eg væri orðinn hverjum manni hvimleiður í borginni, þar sem eg átti heima. Þeir, sem fylgdu sama flokki og eg, sögðu að eg hefði rekið of slælega málin, og mér væri ekki treystandi til neins. Þeir, sem voru í andstæðingaflokknum, köstuðu fæð á mig fyrir það, að eg hefði verið á móti þeim þrátt fyrir það, að hver maður hefði getað séð strax í upphafi, að þeirra væri sigurinn vís. Eg hefði þó átt að vita betur en svo, að slást í lið með þeim, er héldu uppi stefnuskrá, sem ómögulega gæti rutt sér götu um mörg herrans ár ennþá.

Eg var orðinn þreyttur á þessu umstangi, og hafði hálfpartinn í hyggju, að taka mér hvíld um dálítinn tíma, en eins og eg hefi skýrt frá, þá var eg orðinn vinafár, og vissi naumast, hvert helzt eg ætti að fara, svo eg gæti hrist mig dálítið upp. Mér kom því mæta vel boð herra Peacocks, og tók eg því þessvegna fegins hendi.

Eg og Mr. Peacock höfðum fyrst kynnst hvor öðrum, þegar við vorum í skóla. Hann var á aldur við mig, og við lögðum fljótt lag okkar saman, en hversvegna við lögðum lag okkar saman, hefi eg í raun og veru aldrei getað skilið í. Við vorum svo ólíkir, sem frekast er hægt að hugsa sér. Við vorum ólíkir að lyndisfari og við vorum ólíkir í vaxtarlagi og limaburðum.—